





Vatnskot 2 í Rangárþingi ytra


Deiliskipulag



Deiliskipulagsuppráttur í mkv 1:1.000.



Skýringaruppráttur í mkv. 1:6.000



Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010 - 2022 í mkv. 1:20.000.

- 1. INNGANGUR**
Skipulagssvæðið
Deiliskipulagið tekur til rúmlega 500 m² landspildu, Vatnskot 2(landnr. 165436) í Rangárþingi ytra.
Í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er svæðið innan þéttbýlis Þykkvabæjar og er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Skv. aðalskipulagi er heimilt á landbúnaðarsvæðum að byggja allt að þrjú stök frístundahús á hverri jörð án þess að skilgreina þurfi svæðið sem frístundabyggð.
- Kortagrunnar og deiliskipulagsgögn**
Skipulagsuppráttur er teiknaður eftir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Skipulagsgögn eru þessi:
i. Deiliskipulagsuppráttur í mælikvarða 1:1.000, sem sýnir hugmyndir um staðsetningu húsa og aðkomu að svæðinu.
ii. Skýringaruppráttur í mælikvarða 1:6.000, sem sýnir nánasta umhverfi.
iii. Afstöðumynd í mælikvarða 1:20.000, sem er hluti af Aðalskipulagi Rangárþings Ytra 2010-2022.

Fornminjar
Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðis.

- 2. SKILMÁLAR DEILISKIPULAGS**
Skipulagssvæðið
Skipulagssvæðið liggur skammt sunnan við Ásveg (nr. 25). Svæðið er ræktað land og hallar lítið eitt til suðurs.

Byggingar
Skilgreindur er einn byggingarreitur. Á honum er heimilt að byggja tvö smáhýsi/gestahús, hvort um sig 32 m² eða samtals allt að 64 m². Húsin verða á einni hæð, hámarkshæð bygginga er allt að 5 m m.v. gólfkóta. Heimilt er að byggja þau samliggjandi eða aðskilin. Mænisstefna er frjáls en möguleg staðsetning húsa er sýnd á upprætti. Vanda skal til frágangs bygginga, bilastæða og lóða. Forðast skal áberandi útilýsingu.

Aðkoma
Aðkoma er af Ásvegi (nr.25) og um núverandi vegtenginu sem liggur að Vatnskoti 2.

Veitur
Svæðið mun fá vatn frá vatnsveitu sveitarfélagsins. Frárennsli frá svæðinu verður leitt í hreinsivirki. Frágangur skal vera samkvæmt reglugerð um fráveitur nr. 798/1999. Byggingar tengjast dreifikerfi RARIK. Lagnir skulu fylgja vegi eftir því sem við verður komið.

- 3. ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR**
Húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð, nr. 112/2012 og aðrar reglugerðir segja til um.

4. UMHVERFISÁHRIF
Núverandi aðkomuvegur verður nýttur fyrir svæðið. Áhrif á lífríki/náttúru og landslag/ásýnd verða staðbundin og engin verndarsvæði eru innan skipulagssvæðisins.

Deiliskipulagstillagan var kynnt dags. _____
Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____
Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, m.s.br. var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann _____
F.h. sveitarstjórnar Rangárþings ytra _____
Deiliskipulagstillagan öðlast gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

Vatnskot 2		
Deiliskipulag		
	Verk: 7725-001	Dags: 12.10.2018
	Mkv. 1:1000/6000 í A3	Breytt:
	Unnið: AJ, KDG	Rýnt: AJ